

IcelandSIF

Ársreikningur

2019

án endurskoðunar eða könnunar

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----|
| Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3-4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-9 |

Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar IcelandSIF

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir IcelandSIF vegna ársins 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila með það að markmiði að aðstoða IcelandSIF við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórn félagsins. Stjórn félagsins er ábyrg fyrir ársreikningnum.

Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Kópavogur, 19. maí 2020.

Deloitte ehf.



Páll Grétar Steingrímsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur IcelandSIF fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Endurskoðandi samtakanna er Páll Grétar Steingrímsson hjá Deloitte en reikningurinn er ekki endurskoðaður eða kannaður. KPMG sér um bókhald samtakanna.

IcelandSIF eru félagasamtök þar sem tilgangurinn er að efla þekkingu fjárfesta á og auka umræðu um aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga.

Samtökunum er ætlað að vera óháður vettvangur fyrir umræðu og fræðslu um efnið.

Samtökin voru stofnuð 13. nóvember 2017 með þátttöku 23 stofnaðila. Í árslok 2019 voru 31 aðili að samtökunum. Hópin skipa lífeyrissjóðir, bankar, tryggingarfélög, rekstarfélög, eignastýringarfyrirtæki og aðrir aðilar.

Stjórn samtakanna skipa Kristín Jóna Kristjánsdóttir frá Íslandssjóðum, sem er formaður stjórnar, Margit Robertet frá Kviku, sem er varaformaður stjórnar, Davíð Rúdólfsson frá Gildi-lífeyrissjóði, Egill Tryggvason frá Verði Tryggingum, Kristján Geir Pétursson frá Birtu lífeyrissjóði og Halldór Kristinsson frá Landsbréfum. Óli Freyr Kristjánsson frá Arion banka var stjórnarmaður og varaformaður samtakana þar til hann féll frá í ágúst síðastliðnum.

Þrjú vinnuhópar starfa á vegum stjórnarinnar:

Upplýsingagjöf og fræðsla um ábyrgar fjárfestingar, formaður hópsins er Vigdís Sif Hrafnkelsdóttir frá Landsbanka Íslands.

Síðferðileg viðmið í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, formaður hópsins er Kristján Geir Pétursson frá Birtu lífeyrissjóði.

Háskólahópur, formaður hópsins er Egill Tryggvason frá Verði Tryggingum.

Að auki starfaði tímabundið vinnuhópur um græn skuldabréf, formaður hópsins var Eva Margrét Ævarsdóttir frá Arion banka.

Rekstur og helstu áfangar

Hagnaður IcelandSIF á árinu 2019 nam kr. 2.093.330. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samtakanna kr. 8.181.792 og bókfært eigið í árslok er jákvætt um kr. 6.260.311.

Á árinu 2019 stóðu samtökin fyrir ýmsum fræðsluviðburðum. Má þar nefna fund um niðurstöður meistararitgerða um efni tengt ábyrgum fjárfestingum á vegum Háskóla Íslands. Einnig var haldinn fundur um peningaþvætti í samvinnu við Háskóla Íslands og hefur samstarfið við skólann skilað áhugaverðum og vel sóttum viðburðum. Græn skuldabréf skipuðu einnig stóran sess í starfi vetrarins. Til landsins kom einn helsti áhrifamaður heims á sviði grænna skuldabréfa, Sean Kidney, en hann ræddi um hvernig nýta má þau til að fjármagna innviðauppbyggingu, orkuframkvæmdir, fasteignaverkefni og fleira. Síðast en ekki síst stóðu samtökin fyrir mjög vel heppnaðri ráðstefnu um Virkt eignarhald á Íslandi og hlutverk stofnanafjárfesta tengt því.

Samtökin sendu fulltrúa á NordicSIF fund haldinn á vegum SweSIF í Stokkhólmi í nóvember síðast liðnum og hélt varaformaður samtakana kynningu um starfsemi IcelandSIF.

Gert er ráð fyrir að næsti norræni SIF fundurinn verði haldinn á Íslandi sumarið 2021 í Hörpu.

Það er álit stjórnar IcelandSIF að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn IcelandSIF staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. maí 2020.

Í stjórn




Kristín Jóna Kristjánsdóttir, stjórnarformaður



Margit Robertet, varaformaður stjórnar



Egill Tryggvason



Davíð Rúðólfsson



Halldór Kristinsson



Kristján Geir Pétursson

Rekstrarreikningur ársins 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|--|-------|-------------------------|---------------------------|
| Félagsgjöld | | 6.689.555 | 4.065.615 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (4.608.272) | (5.570.263) |
| Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta | | <u>2.081.283</u> | <u>(1.504.648)</u> |
| Fjármunatekjur | | 17.780 | 27.728 |
| Fjármagnsgjöld | | (5.733) | (40.601) |
| | | <u>12.047</u> | <u>(12.873)</u> |
| Hagnaður (tap) ársins | | <u><u>2.093.330</u></u> | <u><u>(1.517.521)</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| Eignir | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|-------|------------------|------------------|
| Veltufjármunir | | | |
| Kröfur vegna félagsgjalda / stofngjalda | 2 | 0 | 750.000 |
| Aðrar skammtímakröfur | 2 | 3.408 | 1.631 |
| Handbært fé | 2 | 8.178.384 | 5.034.196 |
| Eignir | | <u>8.181.792</u> | <u>5.785.827</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 6.260.311 | 4.166.981 |
| Eigið fé | 3 | <u>6.260.311</u> | <u>4.166.981</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | 4 | 89.289 | 84.599 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 4 | 1.832.192 | 1.534.247 |
| | | <u>1.921.481</u> | <u>1.618.846</u> |
| Skuldir | | <u>1.921.481</u> | <u>1.618.846</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>8.181.792</u> | <u>5.785.827</u> |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|--|-------|-------------------------|-------------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta | | 2.081.283 | (1.504.648) |
| Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta | | <u>2.081.283</u> | <u>(1.504.648)</u> |
| Rekstartengdar eignir, hækkun | 2 | 748.223 | 6.698.507 |
| Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) | 4 | <u>302.635</u> | <u>(146.790)</u> |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 3.132.141 | 5.047.069 |
| Innborgaðir vextir og arður | | 17.780 | 27.728 |
| Greiddir vextir | | <u>(5.733)</u> | <u>(40.601)</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | <u>3.144.188</u> | <u>5.034.196</u> |
| Hækkun handbærs fjár | | 3.144.188 | 5.034.196 |
| Handbært fé í upphafi árs | | <u>5.034.196</u> | <u>5.034.196</u> |
| Handbært fé í lok árs | | <u><u>8.178.384</u></u> | <u><u>5.034.196</u></u> |

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur IcelandSIF fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

2. Aðrar peningalegar eignir

Kröfur vegna félagsgjalda / stofngjalda

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|--------------------------------|------------|------------|
| Kröfur vegna stofngjalda | 0 | 750.000 |
| | 0 | 750.000 |

Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|-----------------------------|------------|------------|
| Fjármagnstekjuskattur | 3.408 | 1.631 |
| | 3.408 | 1.631 |

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|--|------------|------------|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 8.178.384 | 5.034.196 |
| | 8.178.384 | 5.034.196 |

3. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

| | Eigið fé |
|---------------------------|-----------|
| Eigið fé 1.1.2019 | 4.166.981 |
| Afkoma ársins | 2.093.330 |
| Eigið fé 31.12.2019 | 6.260.311 |

Skýringar

4. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

| | <u>31.12.2019</u> | <u>31.12.2018</u> |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 89.289 | 84.599 |
| | <u>89.289</u> | <u>84.599</u> |

Aðrar skammtímaskuldir

| | <u>31.12.2019</u> | <u>31.12.2018</u> |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 1.832.192 | 1.534.247 |
| | <u>1.832.192</u> | <u>1.534.247</u> |

5. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 19.maí 2020.

Sundurliðanir

| | 2019 | 2018 |
|---|------------------|------------------|
| Rekstrartekjur | | |
| Félagsgjöld | 6.689.555 | 4.065.615 |
| | <u>6.689.555</u> | <u>4.065.615</u> |
| | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | |
| Viðburðir | 1.268.680 | 423.120 |
| Verkefnastjórnun | 639.065 | 727.699 |
| Kaffikostnaður | (8.240) | 8.240 |
| Rekstur tölvukerfis | 480.857 | 949.617 |
| Uppbygging heimasíðu | 68.200 | 556.326 |
| Kostnaður vegna stofnunar félags | 0 | |
| Endurskoðun og reikningsskil | 841.216 | 1.027.185 |
| Aðkeypt þjónusta | 366.172 | 166.656 |
| Gjafir og styrkir | 0 | 25.000 |
| Þjónustugjöld | 9.619 | 11.735 |
| Markaðskostnaður | 254.200 | 1.473.007 |
| Ferðakostnaður | 562.968 | 201.153 |
| Félags- og aðildargjöld | 0 | 525 |
| | <u>4.608.272</u> | <u>5.570.263</u> |

IcelandSIF

Ársreikningur

2019

án endurskoðunar eða könnunar

IcelandSIF
Smáratorgi 3
200 Kópavogur
kt. 461217-1330
